

AÐVENTUKRANSINN OG KERTI HANS



Aðventukransinn byggist á norður-evrópskri hefð. Hið sígræna greni táknar lífið sem er í Kristi og hringurinn táknar eilífðina.

Fyrsta kertið nefnist spádómakertið og minnir á fyrirheit spámanna Gamla testamentisins er höfðu sagt fyrir um komu frelsarans. Annað kertið nefnist Betlehemskerðið. Þar er athyglinni beint að þorpinu sem Jesús fæddist í og þar sem ekkert pláss var fyrir hann. Þriðja kertið nefnist hirðakerðið en snauðum og ómenntuðum fjárhirðum voru sögð tíðindin góðu á undan öllum öðrum. Fjórða kertið nefnist síðan englakertið og minnir okkur á þá sem báru mannheimi fregnirnar.

Önnur heiti þeirra eru (í sömu röð) kerti vonarinnar, kærleikans, gleðinnar og friðarins.

SPÁDÓMAKERTIÐ

Fyrsta kertið á aðventukransinum er nefnt eftir fyrirheitum spámanna Gamla testamentisins, er mörgum öldum áður höfðu sagt fyrir um komu frelsarans. Textana er víða að finna, m.a. í Daníelsbók og Sálmunum, en oftast er þó vitnað í Jesaja og Míka, en þeir voru báðir uppi á 8. öld f. Kr.

Í spádómsbók Jesaja, 7. kafla og versu 14, stendur t.d. ritað:

Sjá, yngismær verður þunguð og fæðir son og lætur hann heita Immanúel.

Og í sömu bók, 9. kafla og versum 1 og 5–6, er eftirfarandi:

Sú þjóð, sem í myrkri gengur, sér mikið ljós. Yfir þá sem búa í landi náttmyrkranna skín ljós ... Því að barn er oss fætt, sonur er oss gefinn. Á hans herðum skal höfðingjadómurinn hvíla. Nafn hans skal kallað Undraráðgjafi, Guðhetja, Eilífðarfaðir, Friðarhöfðingi. Mikill skal höfðingjadómurinn verða og friðurinn engan enda taka á háseti Davíðs og í ríki hans. Hann mun reisa það og efla með réttvísi og réttlæti héðan í frá og að eilífu.

Og í spádómsbók Míka, 5. kafla og versum 1–3, er skrifað:





En þú, Betlehem í Efrata, ein minnsta ættborgin í Júda, frá þér læt ég þann koma er drottna skal í Ísrael. Ævafornt er ætterni hans, frá ómunatið. Því verður þjóðin yfirgefin þar til sú hefur fætt er fæða skal. Þá munu þeir sem eftir lifa ættmenna hans snúa aftur til Ísraels lýðs. Hann mun standa sem hirðir þeirra í krafti Drottins, í mætti nafns Drottins, Guðs síns, og þeir óhultir verða. Þá munu menn mikla hann allt til endimarka jarðar.

Höfundur Matteusarguðspjalls kannast við þetta allt, horfandi um öxl, yfir vegu margra kynslóða, því í 1. kafla, versum 18–23, segir hann:



Fæðing Jesú Krists varð á þennan hátt: María, móðir hans, var föstnuð Jósef. En áður en þau komu saman reyndist hún þunguð af heilögum anda. Jósef, festarmaður hennar, sem var valmenni, vildi ekki gera henni opinbera minnkun og hugðist skilja við hana í kyrrþey. Hann hafði ráðið þetta með sér en þá vitraðist honum engill Drottins í draumi og sagði: „Jósef, sonur Davíðs, óttast þú ekki að taka til þín Maríu, heitkonu þína. Barnið, sem hún gengur með, er af heilögum anda. Hún mun son ala og hann skaltu láta heita Jesú því að

hann mun frelsa lýð sinn frá syndum hans.“

Allt varð þetta til þess að rætast skyldi það sem Drottinn lét spámanna inn boða: „Sjá, yngismær mun þunguð verða og fæða son og lætur hann heita Immanúel,“ það þýðir: Guð með oss.

Af þessari vissu er Nýja testamentið sprottið. Og kirkjan. Og þessi forni latneski sálmur, hér í íslenskri þýðingu Sigurbjörns Einarssonar biskups, er, á grunni þess sem að framan er nefnt, ákall og bæn hins trúaða:

*Kom þú, kom, vor Immanúel,
og leys úr ánaud Ísrael,
lýðinn þinn, sem í útlegð er,
og hlekk ber, uns sjálfan þig hann sér.
Ó, fagnið nú! - Immanúel
mun fæðast sínum Ísrael.*





*Kom þú með dag á dimma jörð,
þín væntir öll þín veika hjörð.
Lækna þrautir og þerra tár,
græð þú, Kristur, öll dauðans djúpu sár.
Ó, fagnið nú! - Immanúel
mun fæðast sínum Ísrael.*

*Kom þú, kom, Davíðs arfi dýr,
því máttinn þinn allt myrkur flýr.
Lát þú opnast þíns himins hlið,
kom, Guðs sonur, með frelsi þitt og frið.
Ó, fagnið nú! - Immanúel
mun fæðast sínum Ísrael.*

Samkvæmt evangelísk-lútherskri venju er fyrsta aðventukertið gjarnan hvítt, af því að um Kristssunnudag er að ræða, eða þá fjólublátt eins og hin þrjú. Meðal rómversk-kaþólskra er þriðja kertið hins vegar stundum öðruvísi, þ.e.a.s. bleikt, en er á fjórða adventusunnudeginum skipt út fyrir þann lit, sem er á hinum þremur. Oft er þar um miðjukerti að ræða líka, það fimmta, hvítt, og er kveikt á því á jóladag. Og fleiri útgáfur þessa munu vera til.

BETLEHEMSKERTIÐ

Einn texta Gamla testamentisins á bak við spádómakertið, þ.e.a.s. Míka, frá 8. öld f. Kr., er tenging yfir í það næsta en í 5. kafla og versum 1–3, er nefnilega ritað:

En þú, Betlehem í Efrata, ein minnsta ættborgin í Júda, frá þér læt ég þann koma er drottna skal í Ísrael. Ævafornt er ætterni hans, frá ómunatíð.

Betlehem – á hebresku *Bet Lehem*, sem merkir „brauðhúsið“ – stendur við jaðar eyðimerkur Júdeu, í 750 metra hæð yfir sjávarmáli, 7–8 km suðvestur af Jerúsalem. Þessi litli bær, sem er með þeim allra elstu í Palestínu, átti þegar hér var komið mikla sögu að geyma. Á tíma Abrahams, u.þ.b. 2000 f.Kr., nefndist hann Efrata („sem ber ríkulegan ávöxt“), og þar skammt frá ól Rakel, eiginkona Jakobs Ísakssonar, ættföður Ísraelsmanna, Benjamín, yngri son þeirra. Þar er einnig gröf hennar.

Um 900 árum síðar bjó þarna Rut, sem





áttunda bók Gamla testamentisins fjallar um og heitir eftir; seinni maður hennar var Bóas og sonur þeirra Óbeð, afi hins eina og sanna Davíðs Ísásonar. Einmitt í Betlehem Júda, eins og farið er að kalla bæinn, er hinn ungi drengur, sem um þær mundir gætir kinda föður síns á völlum þar í kring, smurður til konungs.

Fleiri hetjur eru nefndar, s.s. Asahel, Elkanan og Jóab. Einnig var þetta fórnarstaður.

Á tíma Míka er svo þriðja útgáfa á nafni bæjarins komin, eins og lesa má hér á undan.

Í Matteusarguðspjalli (2:1) er sagt berum orðum að Jesús hafi fæðst í Betlehem. Einnig í Lúkasarguðspjalli (2:1–14), og í Jóhannesarguðspjalli óbeint (7:42).

Í Matteusarguðspjalli segir enn fremur:

Þegar Jesús var fæddur í Betlehem í Júdeu á dögum Heródesar konungs komu vitringar frá Austurlöndum til Jerúsalem og sögðu: „Hvar er hinn nýfæddi konungur Gyðinga? Við sáum stjörnu hans renna upp og erum komnir að veita honum lotningu.“ Þegar Heródes heyrði þetta varð hann skelkaður og öll Jerúsalem með honum. Og hann stefndi saman öllum æðstu prestum og fræðimönnum og spurði þá: „Hvar á Kristur að fæðast?“ Þeir svöruðu honum: „Í Betlehem í Júdeu. En þannig er ritað hjá spámanninum: Þú Betlehem, í landi Júda, ekki ert þú síst meðal hefðarborga Júda. Því að höfðingi mun frá þér koma sem verður hirðir lýðs míns, Ísraels.“

Frásögn Lúkasar er þó kunnari, enda um jólaguðspjallið að ræða. Þar segir m.a.:

En það bar til um þessar mundir að boð kom frá Ágústus keisara, að skrásetja skyldi alla heimsbyggðina. Þetta var fyrsta skrásetningin og var gerð þá er Kýreníus var landstjóri á Sýrlandi. Fóru þá allir til að láta skrásetja sig, hver til sinnar borgar. Þá fór og Jósef úr Galíleu frá borginni Nasaret upp til Júdeu, til borgar Davíðs, sem heitir Betlehem, en hann var af ætt og kyni Davíðs, að láta skrásetja sig ásamt Maríu heitkonu sinni, sem var þunguð. En meðan þau voru þar kom sá tími er hún skyldi verða léttari. Fæddi hún þá son sinn frumgetinn, vafði hann reifum og lagði hann í jötu, af því að eigi var rúm fyrir þau í gistihúsi.

Á 2. öld taldi Jústínus píslarvottur sig hafa uppgötvað nákvæman fæðingarstað Jesú, „í helli rétt við þorpið“. Árið 326 var byggð kirkja þar yfir sem eyðilagðist í uppreisn Samaríumanna árið 529, en var endurreist litlu síðar. Hún stendur enn og er með þeim elstu í heimi.

Í gólfi umrædds hellis, þar sem jatan á að hafa verið, er gömul silfurstjarna og í kringum hana er ritað: *Hic de virgine Maria Jesus Christus natus est*. Það merkir á íslensku: *Hér ól María mey Jesú Krist*.

Þess má að lokum geta, að sá mikli lærdómsmaður, Híerónýmus kirkjufaðir, sem uppi var á 4. og 5. öld, dvaldi þarna niðri í 30 ár við að þýða Gamla testamentið





úr hebresku yfir á latínu, en ásamt Nýja testamentinu, sem hann lauk við að snúa úr grísku áður en hann kom til Palestínu, er það texti Vúlgötu, sem enn er höfuðbiblía rómversk-kaþólskra manna.

Nú er þetta bær með 40.000 íbúum og miklum óróa.

HIRÐAKERTIÐ

Í Lúkasarguðspjalli segir að á undan öllum öðrum stéttum mannfólksins hafi fjárhirðum verið gefið að heyra tíðindin góðu.

Fyrsti hirðir sem nefndur er í Biblíunni er Abel; hann var sonur Adams. Á eftir komu m.a. Abraham, Jakob, Rakel, Móse og Davíð. Hinn síðastnefndi hafði þar að auki verið sóttur út á Betlehemsvelli ungur drengur og smurður til konungs. Eflaust hefur það ákveðna merkingu að 1000 árum síðar gerðist þetta aftur, nú endanlega og með stærri höfðingjum í aðalhlutverkum.



Starf hirðisins var afar þýðingarmikið. Á morgnana byrjaði hann á að kalla féð saman, leiddi það svo í góða haga og að vatni til að svala þorstanum; verndaði hjörðina fyrir ræningjum, villidýrum (s.s. bjarndýrum, hýenum, ljónum, sjakölum og úlfum), eða óblíðum náttúruöflunum, kom henni undir kvöld inn í byrgið eða réttina og gætti til sólaruppris.

Búnaður hans var ekki mikill. Í fyrsta lagi stafur, um tveggja metra langur, einfaldur að allri gerð en stundum með krók í annan endann; hafður til að verjast, klífa fjöll, berja lauf af trjám, ýta við hægfara kindum eða geitum eða bjarga þeim úr sjálfheltu,

og til að styðjast við. Í öðru lagi sproti, um 70 cm langur, notaður sem vopn; ekki ósvipaður kylfu og voru hvassýddir naglar reknir í gildari partinn. Í þriðja lagi slönguvaður eða kastlykkja, einnig til varnar. Í fjórða lagi skjóða úr geitaskinni; þar geymdi hirðirinn nesti sitt, t.d. brauð, döðlur, ólífur, rúsínur og þurrkaðar fíkjur. Og í fimmta lagi var á stundum flauta með í pokahorninu, honum og öðrum til ánægju á löngum og erfiðum vökum.

Á fyrri tíð var hann oftast klæddur leðurkyrtli en síðar gerðum úr úlfaldahári. Belti var um hann miðjan. Á fótum sandalar. Sumt af þessu má lesa um í 23. Davíðssálmi.

En hvers vegna skyldu fjárhirðar hafa valist til að heyra á undan öðrum tíðindin gleðilegu um jólanóttina fyrstu? Svarið er að finna í þessum orðum Jesú, í 4. kafla Lúkasarguðspjalls, sem hann las úr bók Jesaja í samkunduhúsinu í Nasaret, eftir dvölinu í óbyggðunum þá um 30 ára gamall, og sem marka upphaf starfs hans:





„Andi Drottins er yfir mér af því að hann hefur smurt mig. Hann hefur sent mig til að flytja fátækum gleðilegan boðskap, boða bandingjum lausn og blindum sýn, láta þjáða lausa og kunngjöra náðarár Drottins.“

Og áfram segir:

Síðan lukti Jesús aftur bókinni, fékk hana þjóninum og settist niður en augu allra í samkundunni hvíldu á honum. Hann tók þá að tala til þeirra:
„Í dag hefur ræst þessi ritning í áheyrn yðar.“

Og sannarlega voru hirðarnir ekki ríkir af veraldlegum auði á 1. öld, enda oft þræl- ar. Og víst er að ekki var tekið mark á þeim fyrir dómi. Í mannfélagsstiganum varð eiginlega ekki neðar komist. Í þessu sneri Guð væntingum og skilningi og hug- myndum þeirra, sem annað hefðu kosið, gjörsamlega á hvolf, eins og hann átti líka eftir að gera iðulega síðar, m.a. þegar hann breytti krossinum, þessu hrikalegasta aftökutæki Rómverja, í mesta lífs- og sigurtákn veraldar.

Í myndlist kirkjunnar áttu vitringarnir frá Austurlöndum og gjafir þeirra alla athygli framan af, á meðan hinir voru í aukahlutverki, utangarðsmennirnir, ef þeir á annað borð sáust. Það er ekki fyrr en á 15. öld að nokkur jöfnuður er kominn þar á. Á 16. og 17. öld vex hróður þeirra svo enn meira, til þess sem nú er.

Þótt ekki sé vitað nákvæmlega hvar engillinn birtist forðum, er ekkert álitamál að þar er nú Beit Sahour, u.þ.b. 14.000 manna þorp eða bær, skammt austur af Betlehem. Um tvo bletti er helst að ræða, Deir el- Ra'wat og Der Es-Siar. Nánar verður ekki að þessu komist. Og kannski á það að vera einmitt þannig.

ENGLAKERTIÐ

Í 2. kafla Lúkasarguðspjalls segir að eftir að María hafi fætt barn sitt, vafið það reif- um og lagt í jötu, hafi þetta gerst:

En í sömu byggð voru hirðar úti í haga og gættu um nóttina hjarðar sinnar. Og engill Drottins stóð hjá þeim og dýrð Drottins ljómaði kringum þá. Þeir urðu mjög hræddir en engillinn sagði við þá: „Verið óhræddir, því, sjá, ég boða yður mikinn fögnuð sem veitast mun öllum lýðnum: Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, í borg Davíðs. Og hafið þetta til marks: Þér munuð finna ungbarn reifað og liggjandi í jötu.“ Og í sömu svipan var með englinum fjöldi





himneskra hersveita sem lofuðu Guð og sögðu: Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu og velþóknun Guðs yfir mönnum.

Engla er getið ríflega 300 sinnum í Biblíunni. Þeir eru ósýnilegar verur, himnesks eðlis, þjónar Guðs og vinna í hans nafni. Þeir voru skapaðir af honum í upphafi og búnir skynsemi og frelsi. Lífssvið þeirra er eilífdin sjálf, ekki tíminn. Þeir vegsama Guð, framkvæma boð hans og eru settir mönnum og dýrum til verndar.

Stéttir þeirra eða gerðir eru margs konar. Í síðgyðingdóminum var farið að tala um níu flokka engla; þeim var skipað eftir virðingarröð, sem oftast var þessi: efst voru serafar, þá kerúbar, síðan háseti eða trónar, eftir það herradómar, dyggðir, tignir, máttarvöld, erkienglar og loks englar. Kristnin erfði þessa röðun og er hún komin í núverandi form á 5. eða 6. öld.

Serafar eru næst háseti Guðs og lofa hann þar og tigna, syngjandi dýrðaröð kærleikans.

Kerúbar standa vörð um hásetið og einnig lífsins tré í Paradís. Óður þeirra er viska og speki. Þeir hafa tvo, fjóra eða sex vængi, stundum þakta augum. Gulli drifnar myndir þeirra skreyttu náðarstólinn í musterinu, í hinu allra helgasta, sáttmálsörkina, kistuna þar sem boðorðatöflurnar voru geymdar, og einnig fortjald þess. Hjá spámanninum Esekíel (1:4–28) er að finna stórbrotnar lýsingar á kerúbunum.

Hásæti og trónar, eða **stólar**, eins og þeir eru nefndir í íslensku hómilíubókinni, frá því um 1200, standa umhverfis háseti Drottins. Þeir eru herskarar engla, gjarnan lýst sem vængjuðum hjólum; ef þeir eru sýndir í mannsmynd eru þeir hafðir í bænastellingu og með ríkisepli og veldissprota eins og konungar. Þeir eru í hvítum kyrtlum og með græna stólu, oft með gyllta linda um sig miðja. Vængir þeirra eru oft sýndir alþaktir augum.

Herradómar voru álitnir farvegur guðlegrar miskunnar, en **dyggðir** tengjast oft hetjum trúarinnar og þeim öðrum sem eiga í hinni góðu baráttu í þágu Guðs. **Tignirnar** eru í framvarðarsveit ljóssins gegn myrkrinu; hlutverk þeirra er að vinna kraftaverk á jörðu. Einkenni þeirra er stafur, með ríkisepli á endanum.

Máttarvöld ríkja yfir jörð, vatni, lofti og eldi og eiga að halda illum öflum í skefjum; þau eru verndarar þjóðanna.

Erkienglar eru gjarnan nefndir fjórir; það eru Gabríel, Mikael, Rafael og Úríel. Oft er Gabríel talinn foringi þeirra; hann er engill miskunnarinnar og aðalsendiboði almættisins, enda kann hann einn þeirra öll tungumál veraldar. Samkvæmt gamalli hefð er þetta engillinn sem boðaði fjárhirðunum tíðindin á Betlehemsvöllum. Hann er nafngreindur fjórum sinnum í Biblíunni, þ.e. tvisvar í Gamla testament-





inu og tvisvar í Nýja testamentinu, og í öllum tilvikum er um stóra atburði að ræða. Á apókrýfu-meidi Nýja testamentisins er aukinheldur ýjað að því að Gabríel hafi sömuleiðis birst foreldrum Maríu, þeim Jóakim og Önnu, og tilkynnt um fæðingu hennar. Og sennilega var það einnig títtnefndur erkiengill sem boðaði móður Samsonar fæðingu hans, því margt er afar líkt með þeirri frásögn og öllum hinum. Og sumir telja þetta vera engilinn sem glímdi við Jakob, ættföður Ísraelsmanna forðum, sem birtist Jósef trésmið í draumi og sagði honum að flýja til Egyptalands og velti steininum frá grafarmunnum að morgni páskadags en hann var „sem elding ásýndum og klæðin hvít sem snjór“. Og víðar á Gabríel að koma fyrir í bókinni helgu. Á myndverkum, sem oftast tengjast ferð hans til Nazaret, er hann gjarnan vængjaður, þó ekki alltaf, oft með geislabaug, berandi lilju, krossstaf, spjót, veldissprota eða þá bókrullu í hönd, þar sem letuð eru orðin *Ave Maria* eða *Ave Maria, gratia plena. Dominus tecum*. Það merkir *Heil vert þú, María eða Heil vert þú, sem nýtur náðar Guðs. Drottinn er með þér*.

Neðsta stéttin, **englar**, hefur svo inni að geyma aðrar ljósverur himinsins.

Og senn kemur það aftur í minningunni sem forðum gerðist meðal snauðra hjarðmanna um kalda nótt í Palestínu, og heimsbyggðin mun þá taka undir og syngja:

*Englakór frá himnahöll
hljómar yfir víða jörð.
Enduróma fold og fjöll,
flytja glaða þakkargjörð.
Gloria in excelsis Deo.*

Gleðileg jól!

